

# Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

## Fundargerð

**16. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var haldinn í fundarsal, 7. hæð Borgartúni 10-12 föstudaginn 14. nóvember 2008.**

Mættir voru eftirtaldir nefndarmenn:

<b>Frá Reykjavíkurborg:</b>	Júlíus Vífill Ingvarsson
<b>Frá Kópavogsbæ:</b>	Einar kr. Jónsson og Jón Júlíusson
<b>Frá Garðabæ:</b>	Stefán Konráðsson og Eyþór Þórhallsson
<b>Frá Mosfellsbæ:</b>	Finnur Birgisson
<b>Frá Seltjarnarnesi:</b>	Ólafur Egilsson
<b>Frá Álftanesi:</b>	Kristinn Guðmundsson
<b>Frá Skipulagsstofnun:</b>	Stefán Thors

Ennfremur sátu fundinn Birgir H. Sigurðsson, Geir A. Marelsson og Smári Smárason frá Skipulags- og umhverfisviði Kópavogsbæjar, Haraldur Sigurðsson frá Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður, Júlíus Vífill Ingvarsson setti fund og gengið var til dagskrár:

Þetta gerðist.

### **1. mál. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerðin samþykkt án athugasemda

### **2. mál: Erindi Kópavogsbæjar vegna Kársnes - vestur**

Fyrir fundinum lá erindi Kópavogsbæjar dags. 7. nóvember 2008 þar sem þess er farið á leit við Samvinnunefnd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins að erindi er varðar breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins fyrir Kársnes - vestursvæði verði afgreitt skv. 2. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Málið var áður til umfjöllunar á 15. fundi nefndarinnar þar sem umfjöllun og afgreiðslu þess var frestað.

Unidr þessum lið lá fyrir fundargerð 2. fundar framkvæmdanefndar samvinnunefndarinnar frá 7. nóvember sl. Þar sem farið hafði verið yfir öll fyrirbyggjandi gögn vegna erindisins.

Birgir H. Sigurðsson gerði grein fyrir gögnum málsins og hvaða breytingar hafa verið gerðar á uppdráttum frá síðust umfjöllun.

Formaður óskaði því næst eftir afstöðu nefndarmanna til erindis Kópavogsbæjar um að tillagan verði auglýst í samræmi við 2. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

**Afgreiðsla:**

Erindið var samþykkt án mótatkvæða, en Jón Júlíusson og Kristinn Guðmundsson óskuðu bókað að þeir sætu hjá við afgreiðslu málsins.

Formaður lagði fram eftirfarandi bókun vegna afstöðu fulltrúa Reykjavíkurborgar:

*“Fulltrúar Reykjavíkurborgar samþykkja að senda tillöguna í auglýsingu. Á fundi samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins hinn 8. september sl. gerðu fulltrúar borgarinnar verulegar athugasemdir við afar miklar landfyllingar út á Skerjafjörð, og vitnuðu í því sambandi til umsagnar skipulags- og byggingarviðs frá 25. ágúst 2008. Ýmislegt hefur verið skýrt í þessu sambandi, en annað þarfnast nánari skoðunar. Æskilegt er að fá viðbrögð við tillögunni og hún þess vegna send í auglýsingarferli. Tíminn verði nýttur til að rýna hana enn frekar.”*

**3. mál. Reykjavíkurborg; Sundahöfn - Skarfabakki, ( Byggðasvæði 8 )**

Fyrir fundinum lá tillaga dags. 31. október 2008 vegna stækkunar hafnarsvæðis í Sundahöfn. Tillagan felur í sér breytingu á landfyllingu við Skarfabakka í Sundahöfn.

Haraldur Sigurðsson gerði grein fyrir meginþáttum tillögunnar sem telst fela í sér óverulega breytingu á gildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

**Afgreiðsla:**

Breytingin telst óveruleg breyting á svæðisskipulagi og því einungis lögð fram til kynningar í nefndinni. Tillagan verður send öllum sveitarfélögunum til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:20

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.